

# Til athugunar fyrir þá sem hyggja á rekstur í ferðaþjónustu

---



Síðast uppfært í maí 2012  
Halldór Arinbjarnarson  
upplýsingastjóri Ferðamálastofu

FERÐA  
MÁLA  
STOFA  

---

---

  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

## Efnisyfirlit

<b>1. Leyfismál og reglugerðir</b> .....	<b>3</b>
Helstu leyfisveitiendur í ferðaþjónustu.....	3
Veitinga- og gististaðir .....	4
Bílaleigur .....	5
Hestaferðir .....	5
Hvalaskoðun og aðrar bátaferðir, s.s. sjóstangaveiði .....	5
Flúðasiglingar - Kajakferðir.....	5
Skoðunar- og ævintýraferðir með ýmsum ökutækjum.....	6
Gönguferðir – Hjólreiðaferðir – Hundasleðaferðir .....	6
Veiði villtra dýra, s.s. hreindýra og fugla.....	6
Veiði í ám og vötnum, dorgveiði .....	7
<b>2. Skráning í gagnagrunn um ferðaþjónustuaðila</b> .....	<b>8</b>
Að fá skráningu: .....	8
Hvaða upplýsingar eru skráðar? .....	8
Viðbótarskráning.....	8
<b>3. Stoðkerfi ferðaþjónustunnar</b> .....	<b>9</b>
Iðnaðarráðuneytið .....	9
Ferðamálastofa .....	9
Ferðamálaráð .....	9
Íslandsstofa .....	9
Samtök ferðaþjónustunnar (SAF).....	9
Ferðamálasamtök Íslands .....	10
Ferðamálasamtök landshlutanna.....	10
Markaðsstofur ferðamála .....	10
Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna.....	10
Ferðamálafélög /Ferðaþjónustuklasar.....	10
Ferðamálafulltrúar - Sveitarfélög.....	10
Atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafar .....	10
Ýmis samtök .....	11
Háskólar og rannsóknastofnanir .....	11
Nýsköpunarmiðstöð Íslands.....	11
Byggðastofnun .....	11

# 1. Leyfismál og reglugerðir

Hér verður fjallað um helstu leyfisveitiendur og afþreyingarþætti í ferðaþjónustu og skoðað hvaða leyfi skylt er að hafa fyrir viðkomandi starfsemi. Tilgangurinn er að hjálpa fólki fyrstu skrefin í lagaumhverfinu og auðvelda því að leita sér upplýsinga. Vert er að hafa í huga að upptalningin hér að neðan er ekki tæmandi í öllum tilfellum. Þar sem leyfismálin geta verið margþætt verður að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Ferðamálastofu og /eða viðkomandi stofnunum.

## Helstu leyfisveitiendur í ferðaþjónustu

- **Ferðamálastofa** ([www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is))
  - Ferðaskrifstofuleyfi
  - Ferðaskipuleggjendaleyfi
  - Skráning á bókunarþjónustu/og eða upplýsingamiðstöð
- **Lögregla/sýslumenn** ([www.syslumenn.is/eydublod](http://www.syslumenn.is/eydublod))
  - Rekstrarleyfi (Veitinga- og gistileyfi, áfengisveitingaleyfi og skemmtanaleyfi)
- **Vegagerðin** ([www.vegagerdin.is/umsoknir-og-leyfi](http://www.vegagerdin.is/umsoknir-og-leyfi))
  - Hópfurðaleyfi, bílaleigur, sérútbúnir bílar, fjórhjól, vélsleðar o.fl.
- **Heilbrigðisnefndir** ([www.shi.is](http://www.shi.is))
  - Ýmis starfsleyfisskilyrði v. aðbúnað og öryggi, hestaleyfi o.fl.
- **Siglingastofnun** ([www.sigling.is](http://www.sigling.is))
  - Farþegaleyfi, starfsleyfi s.s. hvalaskoðun, sjóstangaveiði, flúðasiglingar, kajakferðir o.fl.
- **Aðrar stofnanir**
  - T.d. Umhverfisstofnun ([www.ust.is](http://www.ust.is)) vegna útgáfu veiðikorta fyrir veiði á villtum dýrum

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar með tenglum á viðkomandi leyfisveitendur er á vef Ferðamálastofu [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is) undir liðnum: „**Leyfismál/ Hvaða starfsemi er leyfisskyld**“

Hér á eftir er fjallað nánar um eftirtalda starfsemi:

- Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur
- Bókunarþjónustur og upplýsingamiðstöðvar
- Veitinga- og gististaðir
- Bílaleyfi
- Hestaferðir
- Hvalaskoðun og aðrar bátaferðir
- Flúðasiglingar - Kajakferðir
- Skoðunar- og ævintýraferðir með ýmsum ökutækjum
- Vélsleða – og fjórhjólaleiðir
- Gönguferðir – Hjólreiðaferðir – Hundasleðaferðir
- Veiði villtra dýra, s.s. hreindýra og fugla
- Veiði í ám og vötnum, dorgveiði

## Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur

Útgáfa leyfa, skráning á starfsemi og eftirlit með að skilyrðum fyrir þeim sé fullnægt eru samkvæmt lögum um skipan ferðamála eitt af hlutverkum Ferðamálastofu. Þau leyfi sem um ræðir eru annars vegar fyrir ferðaskipuleggjendur og hins vegar fyrir ferðaskrifstofur. En hver er munurinn á þessu tvennu?

Samkvæmt áðurnefndum lögum um skipan ferðamála merkir **ferðaskipuleggjandi** aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili sem, hvort sem er að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, setur saman, býður fram og selur í atvinnuskyni eftirfarandi ferðatengda þjónustu fyrir almenning:

- a) Skipulagningu ferða hópa og einstaklinga, innan lands og erlendis.
- b) Skipulagningu funda, sýninga og ráðstefna og hvers kyns þjónustu því tengda, innan lands sem utan.
- c) Hvers konar umboðs- og endursölu farmiða með skipum, bifreiðum, flugvélum eða járnbrautum.
- d) Dagsferðir sem fela í sér ýmiss konar afþreyingu og frístundaiðju, svo sem hestaferðir, vélsleðaferðir, fljótasiglingar og ævintýraferðir með sérútbúnum ökutækjum.
- e) Ferðir og veitingar sem hluta af veittri þjónustu.

**Ferðaskrifstofa** er hins vegar hver sá sem setur saman, býður fram og selur **alferðir** í atvinnuskyni. Samkvæmt lögum þá er alferð skilgreind sem fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða, þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klst. eða í henni felst gisting:

- a. flutnings,
- b. gistingar,
- c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar.

Í stuttu og einföldu máli má þannig segja að ferðaskrifstofuleyfi eigin jafnan við þegar um dagsferðir er að ræða. En taki ferðin yfir lengri tíma, í henni felist gisting og þetta sé selt í einum pakka, þá þarf ferðaskrifstofuleyfi. Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá Ferðamálastofu í síma 535-5500 og á [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is) undir liðnum „Leyfismál“.

### Upplýsingamiðstöðvar og bókunarþjónustur

Skráningarskyld starfsemi samkvæmt lögum um skipulag ferðamála er öll starfsemi bókunarþjónustu og upplýsingamiðstöðva, hvort sem starfsemin er innt af hendi af einstaklingi, fyrirtæki eða félagi.

**Bókunarþjónusta** merkir starfræksla hvers kyns bókunarþjónustu til almennings, fyrir ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur, hvort sem er innan lands eða erlendis, þar með talin rafræn bókunarþjónusta.

**Upplýsingamiðstöð** merkir aðili sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðstöð hvorki setur saman, býður til sölu né auglýsir ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi.

Allar nánari upplýsingar eru veittar hjá Ferðamálastofu í síma 535-5500 og á [www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is) undir liðnum „Leyfismál“.

### Veitinga- og gististaðir

Til að rekstraraðila sé heimilað að starfrækja starfsemi sína þarf viðkomandi að hafa þar til gert starfsleyfi. Umsóknareyðublöð varðandi starfsleyfi er hægt að nálgast hjá sýslumannsembættum eða lögregluembættum um allt land. Á eyðublaðinu kemur skýrt fram hvaða vottorð og fylgiskjöl þurfa að berast með formlegri umsókn. Þegar formleg umsókn hefur borist sýslumanni leitar hann eftir vottorði eða umsögn frá vinnueftirliti, heilbrigðiseftirliti, eldvarnareftirliti og sveitastjórn á viðkomandi svæði. Leyfi er veitt til fjögurra ára í senn og skal þá endurnýjað.

ATH. Taki nýr aðili við rekstrinum skal sótt um nýtt leyfi. Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.

## Önnur leyfi

- Áfengisveitingaleyfi

- Sækja skal um leyfi til áfengisveitinga á veitingastað til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi.

- Tóbakssöluleyfi

- Öll fyrirtæki sem hyggjast selja tóbak verða að hafa til þess tóbakssöluleyfi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga.

Þess ber enn fremur að geta að þeir sem hyggjast byggja nýtt húsnæði fyrir starfsemina þurfa að fá til þess leyfi hjá skipulags- og byggingaryfirvöldum viðkomandi sveitarfélags.

## Bílaleigur

Þann 3. apríl 2006 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um bílaleigur, nr. 64/2000. Meðal breytinga má nefna að umsjón með bílaleigum er færð til Vegagerðarinnar, en málaflokkurinn heyrði áður undir Samgönguráðuneytið.

Sækja skal um starfsleyfi til reksturs bílaleigu að jafnaði amk. 1-2 mánuðum áður en fyrirhuguð starfsemi á að hefjast. Vegagerðin aflar umsagnar lögreglustjóra í því umdæmi sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð.

## Hestaferðir

Þeir aðilar sem bjóða upp á hestaferðir skulu hafa til þess þar til gert starfsleyfi. Um er að ræða skriflegt leyfi frá heilbrigðisnefnd þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja tilgreinda starfsemi að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis." (Reglugerð um hollustuhætti 941/2002.) Sækja skal um leyfið til viðkomandi heilbrigðiseftirlits á þar til gerðum eyðublöðum sem þar fást.

Ef boðið er upp á dagsferðir (ferðir allt að 24 klst. án gistingar) þarf rekstaraðili að hafa ferðaskipuleggjendaleyfi gefið út hjá Ferðamálastofu. Ef hestaferðirnar eru lengri en 24 klst. og gisting er innifalin í ferðinni þarf ferðaskrifstofuleyfi. Ferðaskrifstofuleyfi er innig gefið út hjá Ferðamálastofu.

## Hvalaskoðun og aðrar bátaferðir, s.s. sjóstangaveiði

Samkvæmt lögum um skipan ferðamála merkir Ferðaskipuleggjandi aðili, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili sem, að eigin frumkvæði eða eftir beiðni viðskiptavinar, setur saman, býður fram og selur í atvinnuskyni ferðatengda þjónustu fyrir almenning. Sá aðili er býður upp á hvalaskoðun eða aðrar bátaferðir sem ná yfir einn dag fellur þar með undir þessa skilgreiningu og þarf að hafa þar til gert ferðaskipuleggjendaleyfi svo og leyfi Siglingastofnunar Íslands varðandi farþegaskip og rekstur þeirra. Ef hinsvegar ferðirnar ná yfir lengri tíma en daglengd (24 klst.) þá er viðkomandi að bjóða fram alferð og þarf þar af leiðandi að sækja um ferðaskrifstofuleyfi sem gefið er út af Ferðamálastofu. Leyfishafi skal hafa leyfið sýnilegt á starfsstöð sinni.

## Flúðasiglingar - Kajakferðir

Þeir sem stunda flúðasiglingar og kajakferðir í atvinnuskyni þurfa að hafa ferðaskipuleggjendaleyfi frá Ferðamálastofu ef umræddar ferðir ná einungis yfir einn dag svo og leyfi frá Siglingastofnun er gildir fyrir smærri báta sem notaðir eru á sjó, ám eða vötnum. Ef hinsvegar ferðirnar ná yfir lengri tíma en daglengd

(24 klst) þá er viðkomandi að bjóða upp á alferð og þarf þar af leiðandi að sækja um ferðaskrifstofuleyfi sem gefið er út af Ferðamálastofu. Leyfishafi skal hafa leyfið sýnilegt á starfsstöð sinni.

### **Skoðunar- og ævintýraferðir með ýmsum ökutækjum**

#### **Skoðunarferðir með rútu**

Þeir sem bjóða upp á skoðunarferðir með rútu þurfa að hafa til þess tilskilin leyfi.

Ferðaskipuleggjendaleyfi sem Ferðamálastofa gefur út og almennt rekstrarleyfi til fólksflutninga gefið út af Vegagerðinni. Athugið að rekstrarleyfisumsókninni þarf að fylgja rekstraráætlun.

#### **Jeppa- og jöklaferðir**

Þeir aðilar sem bjóða upp á jeppa – og jöklaferðir í formi dagsferða skulu hafa ferðaskipuleggjendaleyfi gefið út hjá Ferðamálastofu. Ef hinsvegar ferðirnar ná yfir lengri tíma en daglengd (24 klst.) flokkast ferðin sem alferð og ber þá viðkomandi aðila að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sem einnig er gefið út af Ferðamálastofu. Einnig ber viðkomandi aðilum að hafa jeppaleyfi til aksturs sérútbúinna bifreiða sem gefið er út af Vegagerðinni.

#### **Akstur sérútbúinna bifreiða**

Vegagerðin skal veita leyfi til notkunar sérútbúinna bifreiða, t.d. til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu. Skilyrði slíks leyfis er að það sé eingöngu notað í tengslum við þjónustu við ferðamenn og að umsækjandi hafi leyfi skv. lögum nr. 73/2001. Leyfi samkvæmt þessari grein er ekki veitt á hverja einstaka bifreið heldur einungis á rekstraraðila. Hann skal þó merkja þær bifreiðar sem hann notar til akstursins. Leyfi þetta skal í fyrsta sinn gilda í eitt ár en síðan í fimm ár í senn og vera óframseljanlegt. ( Reglugerð um fólksflutninga á landi 20. gr. 528/2002)

Þess ber að geta að þeir aðilar sem bjóða upp á ferðir með vélknúnum farartækjum þurfa að vera með tækin skráð samkvæmt lögum og tryggð ökumannstryggingu og ábyrgðartryggingu.

#### **Vélsleða – og fjórhjólaferðir**

Þeir aðilar sem bjóða upp á dagsferðir á vélsleða eða á fjórhjóli skulu hafa ferðaskipuleggjendaleyfi gefið út hjá Ferðamálastofu. Ef hinsvegar ferðirnar ná yfir lengri tíma en daglengd (24 klst.) flokkast ferðin sem alferð og ber þá viðkomandi aðila að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sem einnig er gefið út af Ferðamálastofu.

### **Gönguferðir – Hjólreiðaferðir – Hundasleðaferðir**

Þeir aðilar sem bjóða upp á dagsferðir í formi gönguferða, hjólreiðaferða eða hundasleðaferða skulu hafa ferðaskipuleggjendaleyfi gefið út hjá Ferðamálastofu. Ef hinsvegar ferðirnar ná yfir lengri tíma en daglengd (24 klst.) flokkast ferðin sem alferð og ber þá viðkomandi aðila að sækja um leyfi til reksturs ferðaskrifstofu sem einnig er gefið út af Ferðamálastofu.

### **Veiði villtra dýra, s.s. hreindýra og fugla**

Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, sbr. lög nr. 64/1994, skulu afla sér veiðikorts hjá veiðstjórnunarsviði Umhverfisstofnunnar. Veiðikort veitir handhafa þess rétt til að stunda veiðar á villtum dýrum á Íslandi og í íslenskri efnahagslögsögu. Skotvopna- og veiðinámskeið eru haldin á vegum Umhverfisstofnunnar.

Ef hinsvegar aðilar eru að bjóða upp á pakkaferðir með eða án gistingar þar sem veiði er innifalin þá eru þeir leyfisskildir. Ef ferðin nær yfir lengri tíma en daglengd (24 klst.) þá ber viðkomandi skipuleggjanda að hafa ferðaskrifstofuleyfi útgefið hjá Ferðamálastofu. Ef hinsvegar ferðin er bara daglengd þá ber þeim aðila sem skipuleggur ferðina að hafa ferðaskipuleggjendaleyfi sem einnig er gefið út hjá Ferðamálastofu.

### **Veiði í ám og vötnum, dorgveiði**

Ef verið er að bjóða ferð með gistingu og þá þarf viðkomandi aðili er skipuleggur slíka ferð að hafa ferðaskrifstofuleyfi útgefið hjá Ferðamálastofu. Ef hinsvegar er verið að bjóða pakka er nær einungis yfir einn dag (24 klst.) með áðurnefndri afþreyingu inni í þeim pakka þarf viðkomandi að hafa ferðaskipuleggjendaleyfi sem einnig er útgefið hjá Ferðamálastofu. Hvað varðar þessa tegund afþreyingar er best að skoða hvert tilfelli fyrir sig með tilliti til hvað hver aðili er að bjóða upp á.

## 2. Skráning í gagnagrunn um ferðaþjónustuaðila

Ýmsar leiðir eru opnar fyrir ferðaþjónustuaðila að koma sér á framfæri og allir ættu að nýta sér skráningu í gagnagrunn um ferðaþjónustuaðila á Íslandi sem Ferðamálastofa heldur utan um. Upplýsingar úr grunninum eru birtar á aðal ferðaþjónustuvef landsins [www.visiticeland.com](http://www.visiticeland.com) og á vefjum markaðsstofa allra landshlutanna. Þær eru einnig gefnar út í handbók. Grunnskráning er aðilum að kostnaðarlausu.

### Að fá skráningu:

Til að fá skráningu í grunninn skal hafa samband við Ferðamálastofu á netfangið [upplýsingar@ferdamalastofa.is](mailto:upplýsingar@ferdamalastofa.is) eða síma 535-5510.

Til að fá skráningu í grunninn þurfa að liggja fyrir þau leyfi sem fjallað er um í kaflanum hér að framan. Í sumum tilfellum er gerð krafa um að afriti/ljósriti af leyfi sé skilað inn til Ferðamálastofu.

### Hvaða upplýsingar eru skráðar?

Sömu grunnupplýsingar eru skráðar hjá öllum:

- Nafn fyrirtækis/starfsemi á íslensku og ensku
- Heimilisfang - Póstnúmer og staður
- Sími (allt að 3 númer) og fax
- Netfang og veffang

Aðeins mismunandi er eftir flokkum/tegund starfsemi hvaða upplýsingar eru skráðar.

### Gisting:

- Fjöldi herbergja, rúma, íbúða, húsa
- Verðupplýsingar skipt eftir tímabilum (val)

### Afþreying:

- Ein setning sem lýsir hverjum þeim afþreyingarlið sem fyrirtæki býður upp á

### Söfn sundlaugar o.fl.

- Opnunartími skipt eftir tímabilum

### Viðbótarskráning

Markaðsstofur landshlutanna bjóða aðilum á sínu svæði skráningu á viðbótarupplýsingum gegn gjaldi. Um er að ræða myndir og aukinn texta, auk þess sem slíkri skráningu fylgir aukinn sýnileiki á vefnum.



### 3. Stoðkerfi ferðaþjónustunnar

#### Iðnaðarráðuneytið

Iðnaðarráðuneytið er ráðuneyti ferðamála á Íslandi og innan þess starfar skrifstofa ferðamála. Verkefnið lúta meðal annars að því að efla vöxt og nýsköpun í íslenskri ferðaþjónustu. Skrifstofunni er einnig ætlað að móta stefnu um hvernig háttáð skuli samstarfi hins opinbera við einkaaðila á sviði ferðamála. Þar er unnið að langtímastefnumótun í ferðamálum. Hún ber ábyrgð á gerð ferðamálaáætlunar sem nú gildir fyrir árin 2011 til 2020, gerð lagafrumvarpa, reglugerða og endurskoðun laga um ferðamál.

#### Ferðamálastofa

Ferðamálastofa er stofnun sem heyrir undir iðnaðarráðuneytið. Samkvæmt lögum um skipan ferðamála fer Ferðamálastofa með framkvæmd ferðamála. Ferðamálastjóri veitir Ferðamálastofu forstöðu. Helstu verkefni Ferðamálastofu eru:

- Útgáfa leyfa og skráning á starfsemi
- Rannsóknir og gagnaöflun
- Miðlun upplýsinga
- Markaðsmál innanlands
- Uppbygging, skipulag og umhverfismál
- Gæða- og öryggismál
- Atvinnuþróun og nýsköpun
- Fræðsla og stuðningur

Ferðamálastofa er með tvær stafsstöðvar - í Reykjavík og á Akureyri. Stofnunin hefur samstarf við ýmsar aðrar stofnanir og aðila sem koma að ferðamálum, t.d. Nýsköpunarmiðstöð, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Markaðsstofur, atvinnuþróunarfélög, ferðamálasamtök, SAF og Íslandsstofu. Þá tekur stofnunin þátt í alþjóðlegu samstarfi, t.d. innan Ferðamálaráðs Evrópu (ETC) og Ferðamálasamtaka Norður-Atlantshafsins (NATA).

#### Ferðamálaráð

Ferðamálaráð er ráðgefandi ráð samgönguráðherra. Í því sitja fulltrúar skipaðir af ráðherra, Samtökum íslenskra sveitarfélaga, Ferðamálasamtökum Íslands, Samtökum ferðaþjónustunnar og Íslandsstofu.

#### Íslandsstofa

Hlutverk Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Jafnframt veitir Íslandsstofa fyrirtækjum faglega aðstoð við sölu á vörum, þjónustu og þekkingu erlendis og styður við kynningu á íslenskri menningu ytra. Íslandsstofa er fjármögnuð með hluta af tryggingagjaldi og af fjárlögum, auk tekna af veittri þjónustu o.fl.

#### Samtök ferðaþjónustunnar (SAF)

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) eru hagsmunasamtök ferðaþjónustufyrirtækja. Samtökin eru aðili að Samtökum Atvinnulífsins og annast samningagerð, veita umsagnir, standa vörð um hagsmuni og halda úti fræðslustarfi. Innan þeirra starfa fagnefndir s.s hótél og veitingarekstur, bílaleigur, afþreyingu og fleira.

## Ferðamálasamtök Íslands

Ferðamálasamtök Íslands eru samstarfsvettvangur átta landhlutasamtaka sem vinna að framgangi ferðamála hver á sínu svæði. Tilgangur þeirra er að skapa öflugan samstarfsvettvang innan ferðapjónustunnar með það að markmiði að bæta þjónustu við ferðamenn og hámarka arðsemi í góðri sátt við náttúru og nærumhverfi. Samtökin eiga tvo fulltrúa í Ferðamálaráði.

## Ferðamálasamtök landshlutanna

Ferðamálasamtök landshlutanna eru grasrótarfélög, átta talsins og er fulltrúi frá hverju þeirra stjórnarmaður í Ferðamálasamtökum Íslands. Hlutverk samtakanna er að vinna að hagsmunamálum ferðapjónustu innan síns svæðis, stuðla að aukinni þjónustustarfsemi við ferðamenn og skipuleggja samstarf aðila innan samtakanna, þau hafa komið að stofnun Markaðsstofa í sínum landshlutum og eiga þar fulltrúa í stjórn.

## Markaðsstofur ferðamála

Markaðsstofur ferðamála eru 7 talsins, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Suðurnesjum, Suðurlandi og á Höfuðborgarsvæðinu (Höfuðborgarstofa). Hlutverk þeirra er að samræma markaðs- og kynningarmál í ferðapjónustu, sjá um útgáfumál, móttöku blaðamanna ásamt beinni markaðssetningu og vörupróun í ferðapjónustu. Markaðsskrifstofurnar starfa í samvinnu við fyrirtæki í greininni, ferðamálasamtök, atvinnuþróunarfélög og fl. Sum staðar eru markaðsstofurnar reknar í nánum tengslum við upplýsingamiðstöðvar.

## Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna

Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna starfa um allt land. Aðal upplýsingamiðstöðvarnar eru níu talsins og styrktar af opinberu fé. Rekstrarform annarra upplýsingamiðstöðva er fjölbreytt. Sumar eru reknar af einkaaðilum, aðrar eru starfræktar af sveitarfélögum í nánú samstarfi við ferðamálasamtök og markaðsskrifstofur. Þær veita upplýsingar til ferðamanna sem komnir eru til landsins og halda utan um ýmsa skráningu á þjónustu hvers svæðis, dreifa bæklingum og sjá um heimasíður í samstarfi við markaðsstofur

## Ferðamálafélög /Ferðapjónustuklasar

Ferðamálafélög eru grasrótarfélög sem mörg hver eru studd af sveitarfélögum. Flest þeirra vinna við framgangi ferðamála á sínu heimasvæði.

Ferðapjónustuklasar eru hópar ólíkra fyrirtækja sem taka sig saman og kynna sig undir einu merki og ímynd. Þeir starfa að ýmsum verkefnum s.s matvælaklasar, safnaklasar, svæðisbundnir klasar svo sem „Ríki Vatnajökuls“ á SA-landi og „All Senses group“ á Vesturlandi.

## Ferðamálafulltrúar - Sveitarfélög

Ferðamálafulltrúar eru starfsmenn sveitarfélaga og vinna að ýmsum málum tengdum ferðamálum á sínu heimasvæði, oftast í tengslum við atvinnuráðgjöf eða atvinnuþróun.

## Atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafar

Atvinnuþróunarfélög og atvinnuráðgjafar sinna oft ferðamálum en mjög misjafnt er eftir landshlutum hve ferðapjónusta er stór hluti starfseminnar. Ferðapjónustufyrirtæki geta leitað til slíkra þróunarfélaga og ráðgjafa vegna sinna mála líkt og önnur fyrirtæki.

## Ýmis samtök

Stofnuð hafa verið ýmis samtök og fyrirtæki um ýmis sérverkefni innan ferðaþjónustunnar svo sem.

- Cruise Iceland
- Golf Iceland
- Samtök um söguferðaþjónustu
- Samtök um heilsuferðaþjónustu
- Samtök um fuglaskoðun
- Ráðstefnuskrifstofa Íslands

Rekstrarform er með ýmsu móti en yfirleitt er um að ræða samstarf opinberra aðila og ferðaþjónustuaðila.

## Háskólar og rannsóknastofnanir

Ferðamálafræði á háskólastigi er kennd á Hólum og í Háskólanum í Reykjavík

Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, SAF og Ferðamálastofa starfrækja sameiginlega **Rannsóknamiðstöð ferðamála**. Hún er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálaum.

## Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir Iðnaðarráðuneytið og starfar eftir lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Kjarnastarfsemi Nýsköpunarmiðstöðvar skiptist í tvö svið:

- Impra á Nýsköpunarmiðstöð  
Stuðningsþjónusta og þekkingarmiðlun fyrir frumkvöðla og sprotafyrirtæki.
- Tæknirannsóknir og –ráðgjöf  
Hagnýtar rannsóknir og tækniráðgjöf á sviði bygginga og mannvirkja, framleiðslu, líf- og efnistækni, efnagreininga og orku.

## Byggðastofnun

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Stofnunin undirbýr, skipuleggur og fjármagnar verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi.